

DEILISKIPULAG IÐNAÐARSVÆÐA Í HÖFÐASELI
AKRANESI

SKIPULAGSLÝSING
MARS 2023



TEIKNA

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Skipulags- og umhverfissvið
Akraneskaupstaðar



EFNISYFIRLIT

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Yfirlit..... | 3 |
| 2 | Viðfangsefni..... | 4 |
| 2.1 | Tilfni | 4 |
| 2.2 | Deiliskipulag..... | 4 |
| 2.2.1 | Blágrænar ofanvatnslausnir | 4 |
| 3 | Forsendur | 5 |
| 3.1 | Staðhættir..... | 5 |
| 3.2 | Götur og veitur | 5 |
| 3.3 | Fornminjar | 6 |
| 3.4 | Gildandi skipulagsákvæði..... | 6 |
| 3.4.1 | Deiliskipulag..... | 6 |
| 3.4.2 | Ákvæði aðalskipulags..... | 7 |
| 4 | Mat á umhverfisáhrifum | 8 |
| 4.1 | Efni umhverfismatsskýrslu | 8 |
| 5 | Skipulagsferli..... | 10 |
| 5.1 | Lýsing..... | 10 |
| 5.2 | Umsagnaraðilar..... | 10 |
| 5.3 | Auglýsing tillagna og afgreiðsla..... | 10 |
| 5.4 | Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu..... | 11 |

Akraneskaupstaður

Skipulags- og umhverfisvið
Dalbraut 4
300 Akranes
Kt: 410169-4449
433 1000

TEIKNA - teiknistofa arkitekta

Kaupangi v/Mýrarveg
600 Akureyri
www.teikna.is
arni@teikna.is
Sími: 461 5508

1 YFIRLIT

Höfðasel er iðnaðarsvæði austan þjóðvegjar nyrst í bæjarlandi Akraness. Á svæðinu eru nú nokkur fyrirtæki með fyrirferðarmikinn rekstur á stórum lóðum s.s. steypustöð/einingaverksmiðja, hópferðabílar, endurvinnslustöð og verktakafyrirtæki. Svæðið er tvískipt en á milli þeirra eru gömlu öskuhaugar Akurnesinga sem búið er að græða upp.

Áformað er að vinna nýtt deiliskipulags Höfðasels sem mun koma í stað eldra deiliskipulags, sem ekki telst hafa formlegt gildi. Forsendur deiliskipulagsins eru skilgreindar í meginatriðum í endurskoðuðu Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og er þar skilgreint nýtt iðnaðarsvæði á gömlu haugunum, sem tengir svæðin tvö syðst og nyrst.

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri skipulagsvinnu fyrir iðnaðarsvæðin í Höfðaseli.

Með framlagningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins. Óskað er eftir því að lóðarhafar og rekstaraðilar á skipulagssvæðinu, umsagnaraðilar, bæjarbúar og aðrir hagsmunaaðilar leggi fram sjónarmið og ábendingar nú í upphafi verks, sem að gagni gætu komið í skipulagsvinnunni.



Mynd 1: Skipulagssvæði Höfðasels, 21,5 hektarar .

2 VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagsvinnu er að koma á lögformlegu deiliskipulagi fyrir núverandi iðnaðarsvæði, að skipuleggja miðhluta svæðisins og skilgreina aðkomuleiðir að nýju athafnasvæði í Grjótkelduflóa austan skipulagssvæðisins og að útivistarsvæðum ofan byggðar.

2.1 TILEFNI

- Markmið með gerð skipulagsins er að stuðla að auknum atvinnutækifærum á Akranesi.
- Verkefnið verður unnið í samhengi við deiliskipulag athafnasvæðis í Grjótkelduflóa og gildandi deiliskipulag Flóahverfis.
- Vegna fyrirhugaðra breytinga á landnotkun og þéttingar byggðar á Smiðjuvöllum og við Ægisbraut þarf að gefa fjölda atvinnufyrirtækja kost á heppilegri aðstöðu á nýjum athafna- og iðnaðarsvæðum utan íbúðarbyggðar.
- Líklegt er að bættar vegasamgöngur við höfuðborgarsvæðið m.a. með endurbættum vegi um Kjalarnes og Sundabraut síðar, hafi jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á Skaganum og hafi í för með sér eftirspurn eftir athafna- og iðnaðarlóðum.

2.2 DEILISKIPULAG

Nýtt deiliskipulag mun byggjast að hluta á gamla deiliskipulaginu og þeim breytingum, sem á því hafa verið gerðar. Þróunar- og vaxtaráform þeirrar starfsemi sem fyrir er á svæðinu verða tekin til skoðunar eftir því sem við á. Einnig er nauðsynlegt að skilgreina aðkomuleiðir að nýju athafnasvæði í Óslandi – Kirkjutungu ofan Höfðasels. Miðað er við að lóðir á miðsvæði hverfisins, gömlu öskuhaugunum, verði fyrst og fremst nýttar fyrir starfsemi sem ekki krefst stórra bygginga s.s. geymslusvæði, gámasvæði og athafnasvæði fyrir starfsemi og búnað sem verður utandyra.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir skjólbelti umhverfis hluta skipulagssvæðisins.

Stefnt er að því að settir verði skilmálar um s.k. græna iðngarða á skipulagssvæðinu í samræmi við ákvæði í Flóahverfi og að ákveðið samræmi verði í stjórn umhverfismála á svæðunum.

Gera þarf ráð fyrir veitumannvirkjum s.s. dælustöðvum fráveitu þar sem þeirra er þörf.

2.2.1 BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

Blágrænar ofanvatnslausnir eru aðferðir til að veita ofanvatni í þéttbýli á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn. Þær líkja eftir náttúrulegri hringrás vatns í stað þess að veita ofanvatninu í niðurföll og leiða það í lögnum neðanjarðar frá svæðinu og út í sjó, ár eða vötn.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er m.a. bent á að sérstaklega skuli hugað að sjálfbærum ofanvatnslausnum. Einnig stendur í gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 að stefnt skuli að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis, eftir aðstæðum og því sem unnt er.

Til skoðunar mun koma hvort blágrænar lausnir verði notaðar til að taka við ofanvatni (eða hluta þess) af svæðinu og veita því hreinsuðu með síum og settjörnum í nálæga farvegi s.s. Berjadalsá og Flæðilæk. Þá verður notast við blandað kerfi með annars vegar hefðbundnum lögnum og hins vegar farvegum á yfirborði þar sem (og ef) kostur er á slíku. Lausnir verða mótaðar í deiliskipulagi og hönnun. Í endurskoðuðu deiliskipulagi Flóahverfis sunnan Höfðasels er gert ráð fyrir blágrænum lausnum m.a. á milli hverfanna með settjörnum, vatnsfarvegi og göngustígum.

3 FORSENDUR

3.1 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er að mestu leyti raskað land milli Akrafjallsvegur (51) og Höfðaselsholts, sem er eitt af klapparholtunum sem einkenna svæði vestan Garðaflóa. Á norður- og suðurhluta svæðisins eru iðnaðar- og athafnalóðir með iðnaðarbyggingum og útisvæðum með búnaði, framleiðsluvörum og tækjum.

Á miðhluta svæðisins eru uppgræddir gamlir öskuhaugar. Jarðvegur þar hefur verið kannaður með borun rannsóknarhola.



Mynd 2: Jarðvegskönnun. Rauðir punktar sýna allar rannsóknarholur. Grænir hringir eru utan um holur þar sem mikið rusl er undir yfirborði og grenni hringir utan um holur þar sem lítið rusl er undir yfirborði. Ekkert rusl er í öðrum holum.

Við gerð deiliskipulagsins verður metið á hvern hátt mögulegt verður að nýta lóði sem eru ofan á gömlu haugunum, t.d. hvort heppilegt verði að nota þær sem geymslusvæði og fyrir atvinnufyrirtæki, sem fyrst og fremst þurfa óbyggð athafnasvæði.

3.2 GÖTUR OG VEITUR

Svæðið tengist Akranesvegi 51 á tveimur stöðum. Frá nyrðri tengingunni liggur vegur upp með Berjadalsá að skógræktarsvæðum og vatnsbólum í Slögu, skotæfingasvæði og að gönguleiðinni á Akrafjall.

Í deiliskipulaginu þarf að gera grein fyrir aðkomuleið að nýju athafnasvæði í Óslandi-Kirkjutungu (svæði AT-323) í gegn um iðnaðarhverfið í Höfðaseli með samráði við Vegagerðina.

Inna gatnakerfi hverfisins verður endurskoðað út frá núverandi götum, nýjum lóðum og aðkomuleiðum að Óslandi-Kirkjutungu, Skógræktinni í Slögu og Akrafjalli.

Til skoðunar mun koma tengingar skipulagssvæðisins við Akranesveg (51) og er óskað samráðs við Vegagerðina þar um.

Svæðið er enn ótengt meginfráveitukerfi Akraness. Unnið er að hönnun fráveitukerfis og dælustöðva vegna uppbyggingar í Flóahverfi og er stefnt að því að Höfðasel tengist einnig við

meginkerfið og útrás fráveitu við Ægisbraut. Gert verður ráð fyrir mannvirkjum vegna fráveitulagna í samráði við Veitur ohf.

3.3 FORNMINJAR

Nánast allt skipulagssvæðið er raskað, annars vegar af núverandi starfsemi og hins vegar af nýtingu svæðisins undir öskuhauga um árabil. Í aðalskrá fornminja frá 1999¹ einn minjastaður skráður innan skipulagssvæðisins.

Bo-074:008 heimild um sel 22°00.941 v

„Æðaroddaholtin eru í tveim samliggjandi röðum. Eftir þeim efri liggur þjóðvegurinn. Austur af Æðarholtunum, rétt ofan við veginn, eru nokkuð stór holt sem heita Höfðaselholt. Þau ná inn að Berjadalsá. Við þau var sel frá Elínarhöfða.“ segir í örnefnalýsingu. Höfðaselholt eru í landi Garða. Þau ná frá því á mótis við malarvinnslustöð Þorgeirs og Helga og inn að Berjadalsá. Innri hluti holtanna hefur verið tekinn í grjótnám og gamlir öskuhaugar, nú yfirgefnir, eru norðanmeð holtunum, austantil. Mikið rask er í kringum holtin, einkum norðanmegin. Hvergi sér til tófta kringum holtin og hafi selið staðið nálægt Berjadalsá, sem sennilegt er því lítið virðist um önnur vatnsból á þessu svæði, þá eru leifar þeirra sennilega horfnar vegna grjótnáms eða annars rasks. Blautir flóar hafa verið kringum holtin, einkanlega sunnan við þau en meira mólendi að norðan, milli þeirra og Æðaroddaholtanna.

Lega minjastaðarins er óviss (sjá þó merkingu á mynd 2). Taka þarf afstöðu í samráði við Minjastofnun Íslands til þess hvort minjastaðurinn hafi áhrif á útfærslu deiliskipulagsins.

Einu fornleifarnar sem vitað er um á svæðinu frá þjóðvegi og upp að Berjadalsá eru Höfðasel og Garðasel en líklega gætu fleiri komið í ljós við deiliskráningu (Adolf Friðriksson, tölvubréf 3.3.2022).


Kanna þarf skipulagssvæðið m.t.t. hugsanlegra óskráðra/óþekktra fornminja í samráði við Minjastofnun Íslands áður en gengið verður frá deiliskipulagstillögum.

3.4 GILDANDI SKIPULAGSÁKVÆÐI

3.4.1 DEILISKIPULAG

Upphaflegt deiliskipulag Höfðasels var staðfest 13.3.1978. Nýtt deiliskipulag var samþykkt 26. ágúst 1997 og samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 25. september 1997. Þó er lítið svo á að deiliskipulag Höfðasels hafi ekki lögformlegt gildi í dag. Uppbygging svæðisins hefur verið samkvæmt þessu deiliskipulagi og breytingum sem á því voru gerðar með formlegum hætti í samræmi við þágildandi skipulagslög.

Gögn gamla deiliskipulagsins eru ófullkomin og brotakennd vegna margra breytinga og verða þau sett saman í heildstæðan stöðuuppdrátt við upphaf skipulagsvinnunnar. Fyrirliggjandi deiliskipulag verður ein af forsendum nýs deiliskipulags.



Mynd 3: Deiliskipulag frá 1978 og breyting gerð 1997. Síðar var fjöldi lóða á gömlu öskuhaugunum felldur út. Það svæði var síðan undanskilið í aðalskipulagi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lóðamörkum og skilmálum.

¹ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Akranes. Fornleifaskrá*. Fornleifastofnun Íslands, FS066-97052, Reykjavík 1999.

3.4.2 ÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS

Eftirtalin almenn markmið eiga við skipulagssvæðið sbr. kafla 3.7 í aðalskipulagi:

Á iðnaðarsvæðum á Akranesi er annars vegar gert ráð fyrir veitumannvirkjum og hins vegar starfsemi sem talin er geta haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Þar er um að ræða:


- veitumannvirki vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu (skólþælu- og hreinsistöðvar).
- iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér.
- endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunar- miðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

...

Þar sem nauðsynlegt er að koma fyrir eða nýta gáma á athafnasvæðum iðnaðarlóða skal það gert í samráði við byggingarfulltrúa. Gætt skal að eldvörnum þannig að ekki verði hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað og fengið leyfi frá aðliggjandi lóðarhöfum ef gámar eru settir á lóðamörk.

Skipulagssvæðið nær utan um landnotkunarreiti I-314, 315 og 316 í Höfðaseli eins og þeir eru skilgreindir í endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Um þá gilda eftirtalin sérákvæði:

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|--------------|-------|----------------------------|--|--|
| I-314 | 6.9 | Iðnaðarsvæði við Höfðasel. | Steypastöð og fleiri fyrirtæki. Svæðið ekki fullnýtt. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2. |
| I-315 | 7.5 | Iðnaðarsvæði við Höfðasel. | Sorpmóttökustöð. Svæðið ekki fullnýtt. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2. |
| I-316 | 3.0 | Iðnaðarsvæði við Höfðasel. | Gamlir aflagðir öskuhaugar. Hugsanlega mengaður jarðvegur. | Lóðir fyrir geymslusvæði og opin athafnasvæði með lágmarks aðstöðubyggingum. |



Mynd 4: Aðalskipulag Akraness 2021-2033. Svæði I-314, 315 og 316.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Öll skipulagsvinna, bæði nýjar áætlanir og breytingar á gildandi skipulagi, fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Við gerð deiliskipulagsins verður unnin umhverfismatsskýrsla þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta,
- lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Hér verður gerð grein fyrir efni umhverfismatsskýrslu og nokkur meginatriði hennar reifuð þótt ekki sé um að ræða lokaskýrslu á þessu stigi. Óskað er samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismatsskýrslu.

4.1 EFSNI UMHVERFISMATSSKÝRSLU

Gerð verður grein fyrir eftirtöldum þáttum í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagsins.

A) YFIRLIT

Drög að yfirliti yfir verkefnið er í kafla 1 í skipulagslýsingu og gerð er lauslega grein fyrir helstu forsendum í kafla 2. Efni kaflanna verður unnið nánar við gerð skipulagsins og verða þeir hluti umhverfismatsskýrslunnar.

B) MAT Á LÍKLEGUM UMHVERFISÁHRIFUM

Á þessu stigi er ekki unnt að meta umhverfisáhrif af nýrri starfsemi, sem verður á óbyggðum eða nýjum lóðum á svæðinu þar sem ekki er vitað hver hún verður.

Umhverfiþættir sem meta þarf eða verða líklega fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsins:

| Umhverfiþáttur | Skýringar |
|----------------------------|--|
| Landslag og ásýnd | Uppbygging á svæðinu hefur áhrif á yfirbragð lands og ásýnd. Svæðið er útvörður byggðar/þéttbýlis á Akranesi. Til skoðunar í mati. |
| Yfirborðsvatn, grunnvatn | Til skoðunar í mati. |
| Menningarminjar | Raskað land. Líklega engin eða lítil áhrif. Unnin verður fornleifaskrá fyrir svæðið. |
| Náttúruminjar | Skipulagssvæðið er utan náttúruverndarsvæða en er í grennd við friðlandið í Blautósi og Innstavogsnesi. |
| Heilsa og öryggi | Til skoðunar í mati. |
| Byggð og efnisleg verðmæti | Líkleg jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag á Akranesi. Til skoðunar í mati. |
| Útivist | Svæðið er ekki nýtt á neinn hátt sem útivistarsvæði. Aðkoma að útivistarsvæðum er upp með Berjadalsá í gegn um skipulagssvæðið s.s. að Akrafjalli og skógræktinni í Slögu. Hesthúsahverfi er handan þjóðvegjar. Til skoðunar í mati. |

Við mat á umfangi áhrifa skipulagsbreytinga á umhverfið verður einnig tekið mið af þróun umhverfisþátta án uppbyggingar samkvæmt skipulagi.

Vægi umhverfisáhrifa verða flokkuð í jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óviss áhrif og áhrif háð útfærslu.

C) RAUNHÆFIR VALKOSTIR

Akraneskaupstaður er landlítið sveitarfélag og ekki til að dreifa öðrum raunhæfum kostum fyrir þá atvinnustarfsemi sem á svæðinu er og gert er ráð fyrir að þar geti verið.

D) MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG VÖKTUN

Við gerð skipulagsins skal meta hvort viðhafa þurfi mótvægisáðgerðir gagnvart umhverfi og nálægri starfsemi.

Mótvægisáðgerðir og vöktun ráðast af þeirri starfsemi sem verður á skipulagssvæðinu í samræmi við þau ákvæði laga og reglugerða, sem gilda um viðkomandi starfsemi.

E) SAMANTEKT

Samantekt umhverfismatsskýrslu verður unnin við verklok.

F) AÐRAR UPPLÝSINGAR

Aðrar upplýsingar verða lagðar fram eftir því sem þörf krefur við gerð umhverfismatsskýrslu.

5 SKIPULAGSFERLI

Deiliskipulagstillaga verður kynnt og auglýst í samræmi við 40. og 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

5.1 LÝSING

Með framlagningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins. Óskað er eftir því að lóðarhafar og rekstaraðilar á skipulagssvæðinu, umsagnaraðilar, bæjarbúar og aðrir hagsmunaaðilar leggi fram sjónarmið og ábendingar nú í upphafi verks, sem að gagni gætu komið í skipulagsvinnunni.

5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.
- Landsnet

5.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

Að fengnum ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum við skipulagslýsingu verður unnið að gerð deiliskipulagstillagna. Drög eða vinnslutillögur verða kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Að þeirri kynningu lokinni mun skipulags- og umhverfisráð ganga frá tillögu að deiliskipulagi með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum, sem fram kunna að koma.

Eftir að bæjarstjórn hefur afgreitt skipulagstillögu til auglýsingar verður hún auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður a.m.k. 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögu til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillögunnar skal hún auglýst að nýju. Deiliskipulagið öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

TÍMAÁÆTLUN

- | | |
|---|-------------------|
| • Skipulagslýsing auglýst/kynnt | Mars 2023 |
| • Samráð um drög að deiliskipulagi kynningarfundur/opið hús | Maí 2023 |
| • Skipulagsvinna | Mars – ágúst 2023 |
| • Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu | Ágúst 2023 |
| • Skipulagstillaga auglýst, 6 vikna athugasemdafrestur | September 2023 |
| • Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögu um afgreiðslu | Nóvember 2023 |
| • Bæjarstjórn afgreiðir/samþykkir skipulagstillögu (meiriháttar breytingar > auglýst aftur) | Nóvember 2023 |
| • Nýtt deiliskipulag tekur gildi | Desember 2023 |

5.4 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Óskað er eftir sjónarmiðum, hugmyndum, ábendingum og athugasemdum í upphafi verks. Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum og á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/skipulag-i-kynningu>. Hún verður einnig aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Dalbraut 4. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu. Þær skulu vera skriflegar, merktar *Höfðasel – skipulag*, og sendar á

þjónustuver Akraneskaupstaðar
Dalbraut 4
300 Akranesi
eða á netfangið skipulag@akranes.is

Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akraneskaupstaðar.